

Sveitarfélagið Vogar
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Iðndalur 2
190 Vogar

Garðabær, 1. ágúst 2023
Málsnúmer: 202306-0034
IAS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Voga, dags. 26. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins voga 2008-2028 við Kirkjuholt og nýtt deiliskipulag vegna fyrirhugaðra íbúðabygginga ofan við Dali.

Náttúrufræðistofnun hefur gert athugasemdir við nýtt deiliskipulag á fyrri stigum og ítrekar þær hér.

Sveitarfélagið Vogar er alfarið á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Um er að ræða Þráinsskjaldarhraun sem þekur stóran hluta Vatnsleysustrandar. Þar sem byggðin er fyrirhuguð ofan við Dali, er hraunið slétt helluhraun þar sem ekki er mikið um sprungur eða þrýstihryggi, en engu að síður gætu þar verið jarðminjar eða gróður sem æskilegt væri að taka tillit til þegar framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

